

Skipulagsstofnun
v. landsskipulagsstefnu
Laugavegi 166
105 Reykjavík

6. febrúar 2015

Umsögn um tillögu að landsskiplagsstefnu 2015-2026

Vísað er til fréttar á vef stofnunarinnar dags. 19. desember sl., þar sem auglýst er tillaga að landsskiplagsstefnu 2015-2026 til kynningar, ásamt umhverfismati.

Ferli vinnu við gerð landsskiplagsstefnu hefur nú spannað nokkur ár og hefur Samorka skilað inn all nokkrum umsögnum um mismunandi drög á þeim tíma. Að mati samtakanna felur sú tillaga sem nú er auglýst til kynningar að flestu leyti í sér ágætt jafnvægi milli mismunandi sjónarmiða og áherslna sem fram hafa komið í þessu langa ferli. Ekki síst vill Samorka fagna því að nú skuli samkeppnishæfni vera komin til sögunnar sem eitt grundvallarmarkmið með stefnunni, en Samorka hefur áður – líkt og Samtök atvinnulífsins o.fl. – lagt áherslu á mikilvægi þess að stefnan endurspegladi m.a. að í landinu býr fólk og að þar þurfi að þrífast öflugt atvinnulíf og traustir innviðir og grunnkerfi.

Örugg afhending raforku, lífæð nútíma samfélags

Það sem helst kemur á óvart að mati Samorku er takmörkuð umfjöllun um flutningskerfi raforku. Það kemur lítillega við sögu í kaflanum um skipulag á miðhálandi Íslands (kafla 1.4, um sjálfbæra nýtingu auðlinda), og þess er jafnframt getið í kaflanum um búsetumynstur og dreifingu byggðar (kafla 3.5.3 um úrlausn ágreiningsmála um innviði). Á sama tíma er býsna ítarleg umfjöllun um aðra mikilvæga innviði á borð við samgöngur og fjarskipti. Örugg afhending raforku er lífæð hvers nútíma samfélags. Öflugt flutningskerfi raforku ætti þess vegna að skipa mun sterkari sess í landsskiplagsstefnu en raunin er í þessa tillögu.

Hugtök og orðasambönd

Að mati Samorku er einnig rétt að halda því til haga að hægt er að leggja mismunandi skilning í mikilvæg hugtök á borð við *víðerni*, sem og mikilvæg orðasambönd á borð við *í sátt við náttúru og umhverfi* eða orðasambandið *í sátt við náttúru og samfélag*. Fyrirnefnda orðasambandið er t.d. viðhaft um orkumannvirki í 2. kafla um skipulag í dreifbýli, í heiti kafla 2.5 um orkumannvirki í sátt við náttúru og umhverfi. Síðarnefnda orðasambandið er síðan m.a. viðhaft í kafla 2.5.1 um orkunýtingu í skipulagsáætlunum. Hér er ekki gerð athugasemd við umræddan texta en minnt á að þótt einfalt sé að mæla sátt um framkvæmdir innan samfélags, þar sem vilji skipulagsyfirvalda hvílir á lýðræðislegu umboði, er hægt að viðhafa ýmis sjónarmið um fyrirnefnda orðasambandið. Eftir stendur að í tillögunni er t.d. ítrekað vísað til rammaáætlunar og til kerfisáætlunar og ljóst að landsskiplagsstefnan endurspeglar hverju sinni þær niðurstöður sem kunna að nást á grunni slíkra grundvallaráætlana.

Hvað varðar hugtakið víðerni vísast hér t.d. til umfjöllunar kafla 1.4 um sjálfbæra nýtingu orkulinda, um nýjar flutningslínur raforku (bls. 51). Þarna er fjallað um áherslur um verndun víðerna og sagt að ekki verði reistar frekari loftlínur innan miðhálandisins nema nauðsyn beri til og aðrir kostir verði útilokaðir. Sú nauðsyn verður að mati Samorku ávallt skilgreind í kerfisáætlun og verður væntanlega, í samhengi landsskipulagsstefnu, metin í ljósi þess skilgreinda umhverfisviðmiðs (bls. 93) að skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélagsins.

Orkunýting og ferðapjónusta

Í tillöggunni er mikið fjallað um hvoru tveggja orkunýtingu og ferðapjónustu. Í sumum tilvikum er þessu tvennu stillt upp líkt og um andstæða hagsmuni sé að ræða, t.d. rætt um að orkumannvirki megi ekki skerða upplifun ferðamanna af náttúru landsins (bls. 102).

Vissulega geta hagsmunir verið mismunandi og mikilvægt að aðilar sýni hverjir öðrum tillitsemi. Samorka vill hins vegar enn og aftur minna á að á ári hverju heimsækja yfir hundrað þúsund manns virkjanir og önnur mannvirki orku- og veitufyrirtækja. Græna orkan gegnir iðulega lykilhlutverki í landkynningu og ósjaldan hefur verið leitað til orkufyrirtækja um að leggja sitt af mörkum í slíku samhengi. Þá eru sumir fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins beint tengdir nýtingu orkuauðlinda, svo sem Bláa Lónið, Jarðböðin við Mývatn og Perlan í Öskjuhlíð. Þá er aðgengi almennings – þar með talið ferðamanna – að hálendi Íslands mjög háð akvegum sem upphaflega tengdust virkjun orkulinda. Loks hafa orkufyrirtæki áratugum saman lagt mikið til landgræðslu, göngustíga- og kortagerða o.fl. Að mati Samorku er því mikilvægt að fólk fari sér hægt við að stilla nýtingu okkar grænu orkugjafa upp sem einhvers konar almennri andstæðu við hagsmuni ferðapjónustunnar. Reynslan sýnir að nýting grænna orkugjafa er einmitt eitt helst aðdráttarafl landsins.

Að lokum vill Samorka láta þess getið að Skipulagsstofnun hefur staðið sig með mikilli þrýði við kynningar og samráðsfundi í þessu langa ferli og á stofnunin hrós skilið fyrir alla þá góðu vinnu.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri